

Nd.

182. Breytingartillögur

við frumv. til laga um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Benedikt Sveinsson,
Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist 25. Talsími frá Búðardal að Tjaldanesi um Ásgarð.
2. Við 4. gr. Á eftir »Súgandafjarðar« komi: til Snæfjalla og þaðan að Höfðum í Grunnavík, til Staðar í Aðalvík um Hesteyri, frá Hesteyri að Höfn á Hornströndum.
3. Við 5. gr. Orðin: »Ætíð skal — á tillaginu« falli burt.
4. Við 7. gr. Orðin: »og þar þá jafnan — hjeraði« falli burt.